

20. fundur í stjórn Alnæmisbarna, 24. maí 2005

Haldinn hjá Íslenskum orkurannsóknum, kl. 12:30.

Mætt: Þórunn Sveinbjarnardóttir (ÞSv), Helga Tuliníus (HT), Hildur Gestsdóttir (og Bjarni Reykr Kristjánsson (BRK) sem ritaði fundargerð.

Fræðslu- og félagsfundur

Hildur skrifaði Sigurlaugu Hauksdóttur nú í morgun. Svar frá henni er að vænta fljótlega. Sigurlaug er félagsráðgjafi fyrir HIV-jákvæða Íslendinga. Titill fyrir fundinn gæti verið "Að lifa með Alnæmi". Kaffi Kúltúr kemur til greina sem fundarstaður. Hildur ætlar að tala við staðarhaldara um að fá kvöld til aflögu.

CLF

- Hildur hefur verið í samskiptum við Rosette um að fá upplýsingar um stelpurnar. Gestur hefur vierð í miklum tengslum við Rosette, farið yfir áætlanir o.fl. Gestur hefur tekið við hlutverki Erlu sem sá aðili sem Rosette getur leitað til.
- Rosette hefur fengið upplýsingar um að Hildur sé tengiliður Alnæmisbarna við CLF.
- Gestur hefur bent á að of margi séu starfandi hjá CLF og vinnur í því máli. Einum félagsráðgjafa, bílstjóra og sölumanni hefur verið sagt upp. Núna eru starfandi einn félagsráðgjafi, barnapían, skrifstofumanneskja, Rosette og vaktmaður. Vaktmaðurinn er bróðir Rosette.
- Gestur fer út til Úganda um miðjan júní og ætlar að starfa með Rósette fyrir og eftir vinnuferð.
- Stelpurnar eru allar í skóla nema tvær sem eru nýbúnar að eiga og eru í barneignarfríi. Skólagjöld hafa þegar verið greidd fram á vor og lyf til 6 mánaða frá ferð Hildar og Maríu til Úganda.
- Ókeypis alnæmislyf fyrir stelpurnar er mál sem er í vinnslu hjá Lilju og Rosette.
- Breyting á Constituion fyrir CLF hefur verið lögð í salt.
- John Babtist hefur fengið styrk frá ÞSSÍ til að gera Project design fyrir CLF.
- Þórunn mun undirbúa minnisblað um Alnæmisbörn til að senda til CLF. Þar munum við tilgreina hvað Alnæmisbörn ætla sér í stuðningi við CLF.
- Þórunn mun senda umsókn til ÞSSÍ í Kampala um hjálp Lilju við CLF. Hlutverk Erlu var skilgreint í samningi við ÞSSÍ. Það þarf að finna samninginn og athuga hvað Lilja getur tekið að sér af því hlutverki.

Félagsgjald

Búið að senda félögum rukkun og við buðum stuðningsaðilum (þeim sem MJG hafði tölvupóstfang hjá) að vera með í félaginu. Félagar með tölvupóstfang fengu rukkun í tölvupósti en aðrir fengu bréf.